

Reykjavík í nóvember 2002

Alþingi

Erindi nr. P 128/57

komudagur 14.11.2002

Til: Alsherjarnefndar Alþingis.

Efni: Umsögn um frumvarp til barnalaga.

Starfsfólk Fjölskylduþjónustu kirkjunnar fagnar því að fá tækifæri til að veita umsögn um frumvarp til barnalaga. Okkur finnst orðið tímabært að endurskoða lögin í ljósi fenginnar reynslu af núgildandi barnalögum í takt við þá þróun sem orðið hefur á þessu sviði hér og í nágrannalöndum. Að okkar mati eru allar þær breytingar sem gerðar eru á lögunum til bóta. en komum þó með nokkrar athugasemdir um það sem má enn betur fara að okkar mati.

Viljum við þar einkum nefna:

- 1) Að móður er gert skylt að feðra barn.
- 2) Ákvæði um móðerni barns við tæknifrjövngun og um réttarstöðu sæðisgjafa eru gerð skýrari
- 3) Skipting og tilfærsla forsjár milli lífforeldra, stjúpfóreltra og sambúðarforeldra er gerð skýrari. Einkum teljum við mikilvægt ákvæðið um að sambúð þurfi að vera skráð og hafa staðið í ár til að sambúðarforeldri teljist einnig forsjáforeldri og þá einungis ef lífforeldrið fer eitt með forsjá. Einnig er framfaraspor að lífforeldrar fá heimild til að gera með sér yfirlýsingu um forsjárskipan eftir andlát forsjáforeldris. Þessi ákvæði styrkja lífforeldrana að öllu jöfnu í sessi sem eðlilega forsjáraðila og ættu að getað stuðlað að velferð barnanna með virkari þátttöku beggja lífforeldra í uppeldi barnanna eftir skilnað. Þó ber að ígrunda hvert mál einstaklingsbundið með þarfir og velferð barnsins að leiðarljósi.
- 4) Við teljum einnig til bóta að sýslumaður getur úrskurðað um meðlag og umgengni þó forsjá sé sameiginleg. Þetta er fallið til þess að styrkja sameiginlega forsjá í sessi sem forsjárform.

Við viljum hins vegar koma með eftirfarandi ábendingar:


- 1) Við teljum til bóta að ákvæði um feðrun barna eru gerð skýrari og að karlmaður sem telur sig föður að barni er veitt heimild til að höfða faðernismál. Þó leggjum við til að sá fyrirvari sé hafður á að karlmaður verði að færa rökstuddar líkur að því að hann sé faðir barnsins til að um málið sé fjallað sem faðernismál, eins og lagt er til í þingskjali 44.
- 2) Eins og lagt er til í þingskjali 31 finnst okkur orðið tímabært að gera sameiginlega forsjá að megin forsjárformi, þannig að gert sé ráð fyrir því að lífforeldrar fari sameiginlega með forsjá barna sinna eftir skilnað, nema annað sé ákveðið. Íslensk rannsókn gerð af Sigrúnu Júlíusdóttur og Nönnu k. Sigurðardóttur gaf til kynna að sameiginleg forsjá hefði gefið góða raun og stuðli að virkni beggja foreldra í uppeldi barna þeirra. Við tökum einnig undir

Þau rök sem fram eru færð í þingskjali 31 fyrir sameiginlegri forsjá sem megin forsjárformi við skilnað.

- 3) Við teljum einnig jákvætt að sýslumannsembættunum er gert að bjóða upp á sáttaumleitan í skilnaðarmálum fyrir fólk með börn undir lögaldri. Okkur finnst hinsvegar spurning hvort ekki sé rétt að gera slíka sáttaumleitan að eðlilegum þætti þegar börn eiga í hlut, með því að skylda barnafólk til að fara í sáttaumleitan hjá sérþjálfuðu fagfólki, áður en skilnaður er veittur.

Að lokum viljum taka fram að þegar lífforeldrar, sem eru að skilja eða búa ekki saman, ná ekki samkomulagi varðandi hagi barnsins, er mikilvægt að afstaða barnsins sé könnuð að því marki sem aldur þess og þroski leyfir, þannig að hagsmuna barnsins sé gætt sem best.

Virðingarfyllst.



Elísabet Berta Bjarnadóttir, forstöðumaður.



Benedikt Jóhannsson, sálfræðingur.



Guðlaug Magnúsdóttir, félagsráðgjafi.